

Þessi greinargerð fylgir verkinu Útieldhúsið. Henni er ætlað að útskýra tilurð og tilgang verksins, rökstuðja það og tengja við kennslufræði. Byrjað er á því að útskýra verkið í grófum dráttum. Því næst er tilurð þess útskýrd. Vísað er í áhuga höfundar á efninu og reynslu hans sem skátaforingja. Markmið verksins eru skýrð í tveimur köflum. Annar fjallar um markmið tengd útikennslunni þar sem þau eru útskýrd og rökstudd. Hinn um markmið tengd samþættingu sem sömuleiðis eru rökstudd. Fræðileg umfjöllun og tenging við kenningar og rannsóknir tekur svo við en þar eru kallaðir til kennslufræðingarnir John Dewey, Howard Gardner og Guðmundur Finnbogason. Greinargerðin endar á kafla um tilraunakennslu sem fór fram við Laugarnesskóla í febrúar 2007. Þar var hluti þess námsefnis sem birtist í Útieldhúsinu prófað auk ýmissa aðferða. Kaflinn lýsir þessari vinnu og tekur dæmi úr mati nemenda og kennara sem tóku þátt í vinnunni.